

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/434
komudagur 1.12.2006



Reykjavík 30. nóvember 2006

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um embætti landlæknis


Stjórn Bandalags íslenskra græðara hefur tekið til umfjöllunar frumvarp til laga um embætti landlæknis 133. Löggjafarþingi, þskj. 282-273. mál.

Stjórn Bandalagsins gerir engar athugasemdir við frumvarpið, en vill þó benda á miklivægi þess að endurskoða reglubundnar kannanir landlæknisembættisins á notkun heilsutengdrar þjónustu græðara.

Kannanir landlæknisembættisins veita takmarkaðar upplýsingar um einstakar starfsgreinar græðara en fjölmargar greinar eru stundaðar á Íslandi sem kannanirnar hafa ekki tekið til. Ástæða er til að endurskoða spurningar sem lagðar hafa verið fyrir í könnuninni og fjölga þeim í því skyni að fá fyllri upplýsingar sem varpa ljósi á umfang heilsutengdra þjónustu græðara, útbreiðslu ólíkra starfsgreina, í hvaða tilgangi almenningur nýtir sér heilsutengda þjónustu græðara og um viðhorf í samfélaginu til starfseminnar.

Í ljósi þess að lög um græðara, nr. 34/2005, falla m.a. undir umsögn og eftirlit landlæknis telur Bandalagið brýnt að embætti landlæknis endurskoði og endurbæti könnun þessa í samráði við Bandalag íslenskra græðara.

Virðingarfyllt
f.h. Bandalags íslenskra græðara



Anna Birna Ragnarsdóttir, formaður